

Nd.

229. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn telur atvinnuhorfum Reykjavíkur nú vera komið þannig, að eigi megi við svo húið standa. Árið 1924 voru 25 togarar gerðir út í Reykjavík og tala íbúa 20657, eða 826 manns á hvern togara. Árið 1932 var tala togaranna 23, en tala íbúanna 30565, eða 1329 manns á hvern togara. Við þessa fækkun, einkum þó samanborið við fólksfjölda, bætist svo, að skipin hafa fyrnt á þessum árum og ekki verið endurnýjuð. Fækkunar togaranna hefir ekki gætt svo mjög sem ella myndi vegna þess, hve afli hefir verið mikill nokkur undanfarin ár. Komi aflaleysisár, horfir nú þegar til vandræða, og er ekki sýnt, að einstaklingsframtakið hafi nokkurn vilja eða getu til að bæta úr því. Bærinn verður því, að áliti meiri hlutans, að hafa forgöngu í því, að til útgerðar verði stofnað. Virðist auðsætt, að nauðsyn beri til, að hafizt verði handa áður en fjárhag Reykjavíkurbæjar hrakar frá því, sem nú er, og þeir örðugleikar verða fyrir hendi, að ófært reynist að sigrast á þeim. Tveir nefndarmanna leggja einkum áherzlu á, að hagkvæmara muni, að slíkt fyrirtæki, sem hér er um að ræða, verði starfrækt af samvinnufélagi sjómanna og verkamanna, og leggur meiri hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna skipakaupa Reykjavíkurstaðar.

2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin, en leigi þau samvinnufélagi sjómanna og verkamanna án hagnaðar.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvegum láns samkv. 1. gr. fari fram í samráði við fjármálaráðherra og fyrir milligöngu aðilja, er hann samþykkir.

Alþingi, 29. nóv. 1933.

Bergur Jónsson,
form.

Eysteinn Jónsson,
frsm.

Finnur Jónsson.